



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á aldarafmæli
Björgunarfélags Vestmannaeyja
Vestmannaeyjum
1. september 2018**

Kæru liðsmenn Björgunarfélags Vestmannaeyja,
forstjóri og liðsmenn Landhelgisgæslu Íslands,
formaður Landsbjargar, bæjarstjóri,
aðrir góðir gestir

Ég óska ykkur – og landsmönnum öllum – hjartanlega til hamingju á þessum hátíðardegi. Hundrað ár eru liðin frá stofnun Björgunarfélags Vestmannaeyja. Á þeirri vegferð hafið þið, liðsmenn Björgunarfélagsins, og þeir, sem á undan ykkur fóru, haldið hátt heiðri félagsins, bjargað mannlífum, aukið öryggi sjófarenda og annarra og sýnt í verki mátt samheldni og samstarfs.

Ég rek ekki sögu Björgunarfélagsins hér í löngu máli. Þörfin fyrir slíkan félagsskap var brýn, sjóslys tíð og alltof oft voru höggvin stór skörð í samfélagið hér. Það mun hafa verið Hjalti Jónsson, Eldeyjar-Hjalti, sem fyrstur vakti máls á nauðsyn björgunarfélags á Íslandi og aðrir þjóðþekktir menn voru í frumkvöðlasveitinni; helst þá Sigurður Sigurðsson skáld frá Arnarholti, en einnig Karl Einarsson og Jóhann Þ. Jósefsson, báðir alþingismenn árum saman. Ómögulegt er að nefna hér alla þá fjölmörgu sem helgað hafa Björgunarfélaginu krafta sína en óhætt mun að geta hér sérstaklega Jóns Í. Sigurðsonar hafnsögumanns, Kristins Sigurðssonar frá Skjaldbreið og ekki síst Ársæls Sveinssonar útgerðarmanns sem var um árabíl vakinn og sofinn yfir hag félagsins.

Hinu þarf líka að halda til haga að saga félagsins er samofin sögu landhelgisgæslu hér við land. Með kaupunum á björgunarskipinu Þór árið 1920 var í raun lagður grunnur að stofnun Landhelgisgæslu Íslands sex árum síðar.

Gaman er að geta þess að aðeins tveimur dögum eftir að Þór kom hingað til Heimaeyjar var áhöfnin búin að standa enskan togara að verki og kæra fyrir landhelgisbrot.

Munum einmitt líka að þessi dagur, 1. september, er merkur í sjálfstæðis- og landhelgissögu okkar Íslendinga. Fyrir réttum sextíu árum var fiskveiðilögsagan færð út í 12 sjómílu og fyrsta þorskastríðið við Breta brast á. Og 1. september 1972 var aftur látið til skarar skríða, 50 mílna lögsögu lýst yfir og enn skarst í odda með okkur og Bretum. Þessari sögu er svo sannarlega rétt að halda á lofti. Þetta er saga smáþjóðar sem vildi verja rétt sinn og hagsmuni. Hér heima voru menn einhuga um lokamarkmiðið en greindi gjarnan á um leiðina að því, hversu hratt skyldi fara, hvenær sýna ætti sáttahug, hvenær ítrustu hörku.

Á miðum úti stóðu liðsmenn Landhelgisgæslunnar í ströngu og sáu bardagann frá sínum sjónarhóli, eða stjórnþalli réttara sagt. Það var í 50 mílna átökunum að togvíraklippunum frægu var beitt í fyrsta sinn, þar voru að verki varðskipsmenn á Ægi, undir forystu Guðmundar Kjærnesteds skipherra. Á þessum árum sló Kardimommubærinn í gegn hér á landi, hið sígilda barnaleikrit Thorbjörns Egners. Í einu dagblaðinu birtist „Bragur breska togaraskipstjórarns“, kveðskapur byggður á lagi í leikritinu en snúið upp á atgang þorskastríðanna:

Hvar er varpan mín?
Hvar er trollið mitt?
Hvar er þúsund punda
veiðarfæradótið mitt?

Hvar er freigátan?
Þetta er ljótt að sjá.
Fari'ann bölvaður hann
Guðmundur sem fór hér hjá.

Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Þetta góða leynivopn, klippurnar – helsta framlag Íslendinga til hernaðartækni, getum við sagt – var ekki tiltækt fyrir réttum 60 árum þegar fært var út í 12 mílu. Þá þurfti að beita öðrum brögðum, öðrum vopnum. Flotaforingi Breta í það sinnið þóttist hafa lög guðs og manna á sínu bandi. Varðskipin voru agnarsmá við hlið freigátanna en reyndu að skapa usla á miðunum. Sá breski stappaði þá stálinu í togarasjómennina með því að vitna í hina helgu bók, Matteusarguðspjallið nánar tiltekið:

Sjá, ég sendi yður eins og sauði meðal úlfa. Verið því kænir sem höggormar og falslausir sem dúfur.

Skipherra á Þór var Eiríkur Kristófersson, sú þjóðþekkta kempa. Hann var ekki lengi að svara í sömu mynt, og pundaði hverju ritningarorðinu á fætur öðru á syndarana og landhelgisbrjótana. Fyrst fengu þeir þetta vers úr Orðskviðunum að hugsa um:

Því að til einskis þenja menn út netið í augsýn allra fleygra fugla, og slíkir menn sitja um sitt eigið líf, liggja í launsátri fyrir sjálfum sér. Þannig fer öllum þeim, sem fíknir eru í rangfenginn gróða: fíknin verður þeim að fjörlesti.

Og nú var Eiríkur kominn í ham. Því síður skyldu hinir völdugu Bretar freistast til þess að brjóta undir sig lönd lítilmagnans:

Fær þú eigi úr stað landamerki ekkjunnar og gakk þú eigi inn á akra munaðarleysingjanna, því að lausnari þeirra er sterkur – hann mun flytja mál þeirra gegn þér.

Nú skal ekkert um það sagt hvort almættið var á okkar bandi; þann heim þekki ég ekki. Örlögum okkar ráðum við ekki ein en hitt getum við svo sannarlega gert, að stefna að því að vera okkar eigin gæfu smiðir, búa í haginn, hafa varann á, láta ekki reka á reiðanum, fljóta ekki sofandi að feigðarósi. Og þess vegna, kæru áheyrendur, skiptir sköpum að vinna saman og eiga samtök eins og Björgunarfélag Vestmannaeyja.

Hér hefur verið minnst merkra viðburða í landhelgissögunni. Fleiri tímamót mætti nefna. Árið 2008 mun seint teljast til sælustunda í sögu íslenskra stjórn mála og viðskipta. Gleymum þó ekki hinu að það ár varð enginn mannskaði á sjó hér við land, og var það nær örugglega í fyrsta sinn frá landnámsöld að heilt ár var slysalaust á Íslandsmiðum. Já, tókum því í lokin undir með Sigurði skáldi frá Arnarholti, helsta forvígismanni Björgunarfélagsins, sem samdi góðar óskir til sæfarenda en vildi líka leggja sitt af mörkum til að förin yrði farsæl. Kvæði hans var flutt þegar Gullfoss, fyrsta skip Eimskipafélagsins, kom hingað til Vestmannaeyja árið 1915, og hefst svo:

Heill og sæll úr hafi
heill þér fylgi jafna.
Vertu giftugjafi
gulls í milli stafna.

En kæru áheyrendur! Alveg í blálokin stenst ég ekki mátið; þekktasti kveðskapur Sigurðar frá Arnarholti er ljóðið „Í dag“, oft sungið við einsöngslag Sigfúsar Halldórssonar. Þetta er gleðistund hér í kvöld og tókum því undir með Sigga slembi eins og hann var gjarnan kallaður:

Í dag er ég glaður, í dag vil ég syngja,
og dansa til morguns við hverja sem er.
Við flakkarann allt eins og kóng vil ég klingja.

Allrabestu hamingjuóskir til liðsmanna í Björgunarfélagi Vestmannaeyja, áhafna varðskips og þyrlu Landhelgisgæslunnar sem hingað eru komnar til að samgleðjast á þessum heilladegi, og allra Vestmannaeyinga auk annarra góðra gesta sem hér eru staddir.